



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

DANS2DK05

Danmörk og Kaupmannahöfn

Kennari:	Ida Løn idalon@fsu.is	Sk.st.	IL
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur vinna með 3-4 þemu, en hver og einn velur mikið til sjálfur sitt viðfangsefni og hvernig unnið er með það hverju sinni. Nemendur skipuleggja ferð til Kaupmannahafnar sem verður farin ef áhugi er til staðar. Kennslan fer fram á dönsku.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins. Nemendur kynna munnlega verkefni sem búið er að vinna með og svara fyrirspurnum frá kennara og samnemendum. Nemendur vinna ýmis önnur sjálfstæð munnleg verkefni einir eða í litlum hópum. Nemendur færa nánari rök fyrir máli sínu í tengslum við verkefni sín í samtali við kennara.

Hlustun: Hlustun byggist aðallega á að horfa á sjónvarpsþætti og annað efni á netinu.

Ritun: Nemendur skrifa ýmiss konar texta t.d. smásögur, blaðagreinar og skoðanir sínar á málefnum til birtingar á netmiðlum eða í dagblöðum.

Lestur: Nemendur velja og lesa eina skáldsögu, nokkrar smásögur og ýmiss konar texta af neti til að afla sér upplýsinga t.d. í þemavinnu.

Undanfari: DANS2LM05

Námsefni:

1. Smásögur: **Dansk 303 noveller**, ljósrit
2. **Skáldsaga** af bókasafni Fsu eða rafbók eða bók að láni frá kennara
3. **Heyrnartól**

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skáldsaga	Munnlegt próf	16%
Smásögur	Skilnings- og ritunarverkefni	12%
Ritun	Smásögur, blaðagreinar og skoðanir til birtingar á netmiðlum	10%
Þemaverkefni	Munnleg, skrifleg, frjáls aðferð	32%
Tal	Samtöl, upptökur, próf, leikir	15%
Hlustun	Fréttæfni og sjónvarpsþættir af neti	10%
Ástundun	Sjálfsmat, jafningjamat, mæting, virkni	5%

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er **án lokaprófs**. Mikilvægt er að halda vel utan um verkefni þar sem **öll verkefni og próf hafa vægi**. Í lok annar skila nemendur möppum, sem verða metnar til lokaeinkunnar.

Nemendur verða að **kíkja REGLULEGA í moodle** til að fylgjast með tímasetningum prófa og verkefna. Í Moodle er einnig hægt að fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34 - 38	17. ágúst – 20. sept.	Novelle (smásaga) 1 Tema 1 Roman (skáldsaga)	Skriftilig opgave Fri opgave Mundtlig prøve
39 - 43	21. sept. – 25. okt.	Novelle 2 Tema 2	Skriftilig opgave Fri opgave + præsentation
43 - 47	25. okt. – 22. nóv.	Novelle 3 Tema 3	Skriftilig opgave Fri opgave + præsentation
48 - 49	23. nóv. – 4. des.	Novelle 4 Tema 4 Lyttteopgaver + andre opgaver Præsentation af tema 4	Skriftilig opgave Fri opgave Mappe d. 27. nov. Mundtlig prøve

Markmið, þekking:

Þekkingarviðmið eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Orðasamböndum sem eru einkennandi fyrir ritað og talað mál,
- sértækum orðaforða sem hentar því viðfangsefni sem hann vinnur með,
- hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls,
- gildum og viðhorfum í dönsku samfélagi,
- töluðu máli og hlustunarefni af neti um kunnuglegt og nýtt efni,
- nýjum og eldri bókmenntatextum svo og mismunandi sérhæfðum textum eins og t.d. leiðbeiningum.

Markmið, leikni:**Leikniviðmið eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Beita orðasamböndum sem eru einkennandi fyrir ritað og talað mál,
- skilja dönsku sem töluð er við mismunandi aðstæður og með mismunandi hreim,
- lesa margs konar tegundir texta,
- beita mismunandi lestraraðferðum allt eftir tegundum texta og eðli verkefna sem unnið er með,
- beita gagnrýninni hugsun í ritun og tali og láta skoðanir koma fram á skýran hátt,
- flytja munnlega af öryggi verkefni fyrir nemendahópinn sem og kennara.

Markmið, hæfni:**Hæfniviðmið eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Vinna að skapandi verkefnum,
- skilja fjölmiðlaefni og megininntak erinda, jafnvel um flókið efni, ef hann þekkir til þess,
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti,
- flytja verkefni fyrir framan nemendahóp og kennara af sannfæringu og innlifun,
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu; enn fremur að eiga frumkvæði í samræðum og að bregðast við óvæntum spurningum,
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum nemenda á milli og vera tilbúinn til að finna málamiðlun; enn fremur að útskýra sjónarmið sín og rekja ólíkar skoðanir með og á móti málefninu,
- bera ábyrgð og vera hvetjandi og sveigjanlegur í samvinnu,
- túlka texta í rituðu og töluðu máli.

Með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og í von um góða samvinnu á önninni.**Kærlig hilsen,****Ida Løn**